

1

Unknown

From: Tryggvi Jónsson [tryggvi@bonus.is]
Sent: 22. júní 1999 18:37
To: Magnús Guðmundsson (E-mail)
Subject: Hugmynd

Ég sé þetta gerast þannig:

1. 1. apríl 1999 keypti Kaupthing Lux 4% hlutabréfa í Baugi af Baugi á 330.764.000 kr. Gengið er því 8,2691. Kaupverðið er greitt með skuldabréfi í erlendri mynt, sem hefur sigið á tímabilinu.
2. 15. júní selur KL 1,62% til Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur á genginu 10,0. Jafnframt finnur KL kaupanda að 0,38% á sama gengi. Alls eru því seld 2%, eða helmingurinn sem keyptur var 1. apríl. Kaupverð er 200.000.000 kr.
3. Bakkabræður eiga rétt á að kaupa á genginu 6,24. Það þýðir að þeir eiga að fá í sinn hlut mismuninn á genginu 6,24 og 10,0, þ.e. 75,2 mio. kr. Gísli fær helminginn og Eiríkur og Helgi skipta með sér hinum helmingnum.
4. KL greiðir 1/2 af skuld sinn við Baug, eða 165.382 þús. kr. Hugsanlega er þessi tala þó lægri vegna gengismunar. KL hefur til ráðstöfunar 200,0 mio. - 75,2 mio.kr., eða 124,8 mio. kr. Vantar því 40 mio. kr. upp á, sem greiðast þannig:

Í júní 99 sendir Kaupþing Ísland reikning á Baug fyrir rúmar 20 mio. kr. (t.d. 21,200 þús.) sem leiðréttingu á vöxtum vegna liðins árs (Mikil viðskipti á liðnu ári). Kþ sendir greiðsluna áfram til KL.

Tímabilið júlí 99 - des 99 greiðir Baugur það sem á vantar til KL í formi mánaðargjalds vegna ráðgjafarþjónustu og upplýsingaöflun (m.a. öflun upplýsinga um Carrefour og önnur evrópsk versunarfyrirtæki, ráðgjöf varðandi fjárfestingar og vinna við að koma á viðskiptasamböndum).

5. Með framansögðu ættu fyrri 2% að vera frágengin. Sambærilegt væri gert á árinu 2000 og 2001 varðandi seinni hluta. Þangað til lægi fyrir yfirlýsing hjá KL um að Baugur ábyrgðist skaðleysi KL af viðskiptunum.

Láttu mig heyra hvort þetta gangi.

TJ